

BLAÐ - IÐ

1.tlb 3.árg. nóv. 1981

ÍÐJURJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

BLAÐ - IÐ

1. tlb 3. árg. nóv. 1981

ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

Norræn ráðstefna iðjupjálfa um skólamál haldin á Íslandi.....	bls. 2
L. í. bréf til menntamálaráðherra.....	bls. 3, 4
Lítið svintýri um löggildingu.....	bls. 5
Kynning L. í. á iðjupjálfun.....	bls. 6
Hvernig er hægt að koma á samningsviðræðum milli TR og L. í. ?.....	bls. 7, 8
Fréttir.....	bls. 9
Fólk í fréttum.....	bls. 10
Bókalisti.....	bls. 11, 12
Lausar stöður.....	bls. 12
Iðjupjálfar á Íslandi.....	bls. 13, 14
Íslenskir iðjupjálfar erlendis.....	bls. 14
Iðjupjálfanemar	bls. 14, 15
Tilkynning frá WFOT.....	bls. 15

Norræn ráðstefna iðjupjálfa um skólamál og félags-
starfssemi að Hótel Loftleiðum 11.-17. maí 1981.

Þátttakendur á ráðstefnunni voru 18 frá Norðurlöndunum og þeir íslenskir
iðjupjálfar, sem sáu sér fært að mæta.

Á ráðstefnunni kynntu fyrst dönsku skólastjórnarnir, hvernig kennslan fer fram
í Danmörku um þessar mundir, en þar hefur verið reynt að samræna kennsluna, þótt
einhver smá mismunur sé ennþá skólanna á milli. Náminu er skipt í 6 "tema", sem
eru mismunandi löng. Kennslan byggist að einhverju leyti á árangri nefndar, sem
sett var á stofn til að finna hvar starfsvið iðjupjálfa og sjúkrapjálfa eru
og gerði hún tillögur um námstílhögun, sem er of dýr í framkvæmd, en allt þetta
kemur fram í bók, sem kölluð er "Den blaa bog", og er hún til hjá ÍÍ.

Þá kynntu hinir ýmsu skólamenn, hvernig námið fer fram hjá þeim og var aðallega
rætt um athafnir (aktiviteter). Hvaða athafnir ættu að vera í náminu, hverjir
ættu að kenna þær og hvernig. Framhaldsmenntun iðjupjálfa var á dagskrá og kom
fram að í Danmörku er nýbyrjuð 1 árs nám í stjórnun og kennslu, í Svíþjóð er
til kennaranám og í Noregi er núna hægt að taka aðalfag - 2 ár í háskóla eftir
að hafa unnið í 2 ár eftir nám.

Nokkrar umræður urðu um rannsóknir og á hvaða stigi þær ættu að vera. Ákveðið
var að búa til skrá yfir allar rannsóknir, sem byrjað hefur verið á og lokið
við.

Gerð var grein fyrir hinum geigvænlega niðurskurði á ríkisumsvifum í hinum
ýmsu löndum og virðist ástandið vera hvað verst í Danmörku. Rætt var um hvaða
áhrif þetta hefur á menntun og starfssvið iðjupjálfa og hinar félagslegu breyt-
ingar í þjóðfélaginu. Í Svíþjóð fara t.d. fram umræður um að stytta námstímann
og e.t.v. búa til "ADL-þjálfa".

Skólamál á Íslandi varð að miklu umræðuefni og hvöttu þau okkur mjög til að
hefjast strax handa og buðust til að aðstoða okkur, hvað þau gætu og gáfu.
Okkur ýmis góð ráð í því sambandi.

Þá voru einnig haldnar skemmtanir, við héldum "Halló party" á Hótel Loftleiðum
h 12. maí. Þáttakendur fóru í hringferð um Reykjavík. Föstudaginn 15. maí var
farið í heimsókn á Landspítalann, Klepp og Reykjalund. Um kvöldið voru boð í
heimahúsum. Laugardaginn 16. maí var farið "túristahringurinn" með Ingu og
Ebbu sem fararstjóra.

Þessi ráðstefna var mjög mikil hvatning fyrir okkur og vakti okkur til um-
hugsunar um hvar við stöðum. Það var einnig ánægjulegt að finna hvað hinir
erlendu þátttakendur voru jákvæðir gagnvart okkur og hvöttu okkur á allan
hátt.

Iðjubjálfafélag Íslands
Pósthólf 72
121 Reykjavík — Ísland

Reykjavík 2.10.1981.

Hr. menntamálaráðherra

Ingvar Gíslason.

Tilfni þessa bréfs er að vekja athygli yðar á iðjubjálfaskorti á Íslandi og hugsanlegum lausnum til úrbóta.

Árin 1970-76 starfaði nefnd, sem átti að kanna möguleika á því að koma upp námsbraut í iðju- og sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram, að árið 1975 eru 8 iðjubjálfar starfandi á landinu, og bent er á, að árið '85 muni vera þörf fyrir 80-90 iðjubjálfa. Í dag eru einungis 18 iðjubjálfar í starfi, en þörf fyrir fleiri er knýjandi. Þar sem svo fáir iðjubjálfar voru starfandi árið '75, var ákveðið að bíða með stofnun námsbrautar í iðjuþjálfun uns stéttin stækkaði og aðstaða til verklegs náms og kennslu yrði betri.

Síðastliðið vor var haldin hér á landi samnorræn ráðstefna iðjubjálfa um skólamál. Var það samróma ályktun ráðstefnuaðila, að tafarlaust þyrfti að koma upp námsbraut í iðjubjálfun hérlandis, og lýstu skólamenn á Norðurlöndum sig fúsa að styrkja okkur í þeim efnum. Enn hindrar það okkur Íslendinga, að stéttin er fámenn og getur vart séð af iðjubjálfum til kennslu, og sömuleiðis skortir mannafla og aðstöðu, enn sem komið er, til að bjóða nemum fullgilda verklega kennslu á stofnunum. Brýnasta verkefnið til undirbúnings námsbrautar teljum við vera, að fjölga í stéttinni með því að koma fleiri Íslendingum að til náms erlendis og búa þannig sem best í haginn fyrir væntanlegri námsbraut við Háskóla Íslands.

Hingað til hafa iðjubjálfar aðallega sótt menntun sína til Norðurlandanna, þó einn og einn hafi sótt menntun sína annað, eins og sjá má af meðfylgjandi lista. Erendis eru margir umsækjendur um

hvert skólapláss og því ekki vinsælt, að Íslendingar séu teknir inn þegar umsækjendum frá viðkomandi löndum er vísað frá á þeirra kosnað. Á Samnorrænu ráðstefnunni í vor var rætt um, að koma mætti fleiri íslenskum nemum að í skólunum, ef einhvers konar "milliríkjasamningur" væri fyrir hendi. Þ.e. að íslenska ríkisstjórnin greiddi fyrir kennslu hinna íslensku nema á einhvern hátt. Þó skal bent á, að til er viljayfirlýsing menntamálaráðherra Norðurlandanna (Protokol fra Nordisk Ministerråd) frá 14. júní 1977, þar sem kveðið er á um 10% reglu fyrir inntöku námsmanna frá Norðurlöndum í æðri skóla, ef samsvarandi námsstofnun fyrirfinnst ekki í heimalandi viðkomandi umsækjanda. Við teljum æskilegt, að yfirlýsing þessi sé nýtt betur til að koma fleiri nemum í skóla og æskjum aðstoðar Menntamálaráðuneytisins í því máli.

Hinsvegar hafa Íslendingar einnig sótt um skólavist vestanhafs og er mikilvægt fyrir okkur að fá heim einstaklinga með menntun frá mismunandi menntakerfum til að hafa breiddina sem mesta í undirbúningi vantanlegrar námsbrautar.

Einn íslenskur umsækjandi hefur nú sótt um inngöngu í Háskólann í Manitóbafylki í Kanada veturinn 81-82. Deildarstjóri og kennarar hafa áhuga á að taka inn Íslendinga í deildina, jafnvel einn á ári, en til þess þyrfti einnig að koma á samning milli yfirvalda hér og Manitóbaháskóla. Við vísum því máli hér með til Menntamálaráðuneytisins í von um skjóta fyrirgreiðslu.

Bent skal á, að árin 1975-1978 menntaði Manitóbaháskóli 3 íslenska sjúkrahjálfara og einn iðjupjálfa og styrktu íslensku Heilbrigðis- og Menntamálaráðuneytin þessa nema.

F.h. Skólanefndar Iðjupjálfafélags
Íslands.

Guðrún Árnadóttir
Guðrún Árnadóttir iðjupjálfi.

Fylgirit: ① Listi yfir ísl. iðjupjálfa + mennt. land.

② Lög um iðjupjálfa.

③ Listi yfir skjalir nefndar til undirb. iðju- + sjúkrahj. brautar við HÍ

④ Viljayfirlýs. Nordisk Ministerråd 1977

⑤ Listi af breið frá Manitóbahásk. til Lilju Svends. Vilji til að taka inn ísl. nema.

Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir
Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir iðjupjálfi.

Lítið ævintýri um löggildingu.

Það var einu sinni norsk stúlka, sem lauk prófi frá Aktivitörskóla í Noregi. (Aktivitör = menntaður aðstoðarmaður iðjupjálfa).

Hún lagði leið sína til Íslands og þar er hún nú búsett.

Vegna misskilnings sótti hún um löggildingu sem iðjupjálfi.

Umsóknin barst Iðjupjálfafélagi Íslands (úr heilbrigðisráðuneytinu), sem hafnaði henni að sjálfsögðu og sendi stúlkunni bréf til útskýringar ákvörðuninni. Höfnunin vakti athygli landlæknis, sem hafði samband við formann félagsins til að fá nánari skýringu á mismuninum á starfsgreinunum tveimur. Af tilviljun hitti formaðurinn áðurnefnda norska stúlku í samkvæmi, og þær tóku tal saman. Kom þá í ljós - báðum aðilum til mikillar undrunar - að heilbrigðisráðuneytið hafði þrátt fyrir allt veitt henni löggildingu og hafði hún fengið tilheyrandi plögg í hendur.

Nú var þegar haft samband við ráðuneytið og útskýringa krafist af hlutað-eigandi aðilum. Embættismaður gat ekki útskýrt hvers vegna ákvörðun landlæknis og ÍÍ hafði verið höfð að engu. Hún gerði sér ljóst, að hér höfðu orðið hrappalleg mistök en vissi enga leið til úrbóta. Lýsti því yfir skelfingu lostin, að ekkert fordæmi væri fyrir því, að löggilding væri dregin til baka og stakkt upp á, að löggildingin héldi gildi sínu um tíma.

Einnig var henni umhugað um, að ÍÍ færi ekki með málið í blöðin.

Fulltrúar félagsins neituðu algjörlega að setta sig við þessa málamiðlun og kröfðust þess, að málið yrði leyst innan viku.

Árla næsta morgun hringdi embættismaðurinn í nokkra meðlimi félagsins og sagði þeim, að málið væri nú leyst. Hún hafði hraðað sér strax til heimilis stúlkunnar - nú hins löggilda iðjupjálfa- útskýrt mistökin og beðið hana vinsamlega um að skila plöggunum aftur, sem hún og gerði. Að lokum gaf embættismaðurinn þá skýringu á þessum mistökum, að er hún kom til starfa að loknu sumarfríi, beið hennar til undirritunar fjöldi pappíra. Þar sem hún hafði nóg að gera, undirritaði hún plöggin án þess að lesa þau yfir.

Nú spyrjum við: Er þetta einsdæmi eða kannski daglegt brauð í ráðuneytinu??

KYNNING I.F. Á IÐJUBJÁLFUN.

Föstudaginn 30. október s.l. var opnuð í anddyri Landspítalans í Reykjavík sýning í máli og myndum, sem ætlað er að kynna almenningi iðjubjálfun. Þetta er sánsk farandsýning, sem iðjubjálfanemar í Gautaborg gerðu fyrir tveimur árum. Sýning þessi hefur síðan farið um gervalla Svíþjóð.

Hér hefur lengi staðið til að fá sýninguna að láni. Í byrjun október kom sýningin svo til Íslands, og þær vikur sem liðu þar til opnunin fór fram voru annasamar hjá fámennum hóp iðjubjálfa á Íslandi.

Farandsýningarnefnd hafði áður verið skipuð og nefndarmenn sáu um að þýða allan texta, eins kom í þeirra hlut að eiga við tollgæslumenn, sem klúðruðu málinu rækilega með því að týna öllum pappírnum viðvíkjandi sýningunni. Minnstu munaði, að hún yrði innlykka niðri í Tryggvagötu, en það bjargaðist þó á elleftu stundu fyrir snarræði nefndarinnar.

Boðað var til vinnufundar laugardaginn 17. október. Þar var vel mætt og strax ráðist í að setja sýninguna upp, skrifa texta og þess háttar. Það var unnið af miklum eldmóði langt fram á kvöld, en það dugði ekki til. Því hittust þreyttir iðjubjálfar enn mörk kvöld til frekari undirbúnings, því það syndi sig sum sé að geysimikil vinna var fólgin í að koma þessu upp, mikið meiri en við gerðum okkur ljóst í upphafi. Eftir miklar bollaleggingar og ráðabrigg opnuðum við svo þessa frægu sýningu með pomp og pragt í anddyri Landspítalans eins og áður segir.

Á opnunina höfðu verið boðaðir forráðamenn spítalans, fulltrúar úr heilbrigðisráðuneytinu og nefndarmeðlimir ALFA nefndarinnar og endurhæfingar-ráðs. Þar fyrir utan blaðamenn frá öllum dagblöðum og fréttamenn frá útvarpi og sjónvarpi. Allir mættu nema nefndarmenn Alfa nefndarinnar og endurhæfingar-ráðs. Þá voru einnig viðstaddir flestir iðjubjálfar á Íslandi fullir af eftirvæntingu.

Kristjana Fenger varaformaður IÍ hélt ræðu í upphafi og bauð gesti velkomna. Í ræðu sinni benti Kristjana m.a. á brýna þörf þess að koma upp námsbraut í iðjubjálfun við H.Í., sem væntanlega myndi bæta úr þeim mikla skorti sem er á iðjubjálfun hér á landi. Þá sagði hún frá samningaviðræðunum löngu og ströngu við Tryggingastofnun Ríkisins og rýrum árangri þeirra. Í því sambandi minntist hún einnig á síaukinn þrýsting á okkur frá læknum og öðrum starfsstéttum um göngudeildarþjónustu og ráðleggingar í heimahúsum og þar af leiðandi nauðsyn þess að komast að samkomulagi við T.R. sem allra fyrst.

Eftir opnunina var blaðamönnum boðið að koma til frekari skrafs við 3 fulltrúa IÍ. Það má skjóta því hér inn, að við vorum mjög ánægðar með góðar undirtektir og áhuga fjölmiðla.

Að lokum buðu forráðamenn Landspítalans öllum gestum upp á veitingar. Þar gafst iðjubjálfun og gestum tækifæri til að leiða saman hesta sína og var mikið rætt og pælt.

Sýningin var 2 vikur á Landspítalanum. Síðan var hún sétt upp í Hamrahlíðaskólanum, Reykjalundi og Norræna Húsinu. Þá fór hún norður á Akureyri að ósk Norðanmanna. Eftir vikudvöl þar verður sýningin sett upp á Borgarspítalanum og Kleppi.

Enginn vafi er á, að sýning þessi á eftir að vekja athygli á starfi okkar og þá vonandi greiða götu okkar í framtíðinni.

Hvernig er hægt að koma á samningsviðræðum milli TR og ÍÍ ?

Mikill tími (vinna og umræður) hafa farið í þetta mál undanfarin 4 ár, og hefur lítinn sem engan árangur borið. Gangur mála hefur verið þannig:

Í des.1977 var Birni Öundarsyni tryggingayfirlækni sent bréf. Í því óskaði ÍÍ eftir umræðum við Tryggingastofnun Ríkisins um greiðslur vegna göngudeildarþjónustu iðjupjálfa og meðferðar í heimahúsum. Alls kyns upplýsingablöð um starf okkar og menntun voru send með. EKKERT SVAR BARST.

Í sama mánuði skrifaði Haukur Þórðarson læknir bréf til sama aðila um þetta efni okkur til stuðnings. Þetta gerðist í sama mánuði og lög um iðjupjálfun voru samþykkt á alþingi.

Í janúar 1978 var enn sent bréf sama efnis. EKKERT SVAR BARST.

Í júní 1978 var enn sent bréf sem bæði innihélt ýtarlega greinargerð um mögulegt starf iðjupjálfa í heimahúsum sem þátt í heimilisþjónustu og beiðni um samningsviðræður. SVAR BARST MÁNUÐI SEINNA. Fulltrúar félagsins voru borðaðir á fund með Birni Öundarsyni tryggingayfirlækni og Eggert G. Þorsteinssyni forstjóra TR. Bréfið var dagsett 16.júlí, fundurinn var boðaður 19.júlí og við fengum bréfið í hendur þ. 18 júlí, sem sýnir með að við myndum stökkuva hæð okkar af gleði og koma hlaupandi - sem við og gerðum. Á þennan fund fóru fyrir hönd félagsins Anne Grethe Hansen, Hope Knúttsson og Kristjana Fenger. B.Ö. staðhæfði að hann hefði ekki fengið bréfin frá '77 og '78. Niðurstaða fundarinnar var sú að B.Ö. ætlaði að leggja málið fyrir samninganefnd TR. Formaður hennar er Gunnar Möller, og ÍÍ ætlaði að senda bréf til Gunnars og fara fram á viðræður. Þetta var gert 19.07. Kristjana ætlaði að senda B.Ö. öll áður send gögn, sem hún og gerði samdagurs. EKKERT HEYRÐIST FRÁ TRYGGINGASTOFNUN.

19 maí 1980 var send ítrekun til Gunnars Möller og samrit sent Birni Öundars. EKKERT HEYRIST.

30. mars 1981 var þáverandi formanni tryggingaráðs Stefáni Jónssyni send ein ítrekun enn. Samtímis voru send bréf til félags Orku og endurhæfingalækna og Gígsjúkdómafélags Íslenskra lækna og beðið um stuðningsyfirlýsingu. Afrit var sent til TR. SVAR BARST undirskrifað af Eggert G. Þorsteinssyni, þar sem samþykkt var að beina þeim tilmælum til samninganefndar sjúknatrygginga að umbeðnar viðræður verði hið fyrsta teknar upp.

15. apríl 1981 var Birni Ónundarsyni sent samrið af bréfinu til Stefáns Jónssonar.

25. júní 1981 var sent bréf til Gunnars Möller og enn ítrekað. EKKERT SVAR BARST.

2. júní 1981 sendi félag íslenskra orku- og endurhæfingalækna bréf okkur til stuðnings til Svavars Gestssonar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Það hefði verið heppilegra að senda bréfið til TR, þar sem Svavar er ekkert inn í málinu.

Í sept. 1981. Gigtarfélag Íslands er að innrétta æfingastöð fyrir gigtsjúklinga og þar er gert ráð fyrir að tveir iðjuþjálfar starfi. Stöðina á að reka með greiðslum frá TR. Sendinefnd frá þeim fór á fund tryggingayfirlæknis og lagði áherslu á nauðsyn þess að ÍÍ hefði samning við TR til að rekstrargrundvöllur væri fyrir hendi.

Í okt. 1981 sendi Gigtarfélag ísl. lækna stuðningsbréf til TR um samningsmálið.

4. okt. 1981 fóru Kristjana Fenger og Snæfríður Egilsson á fund Björns Ónundarsonar. Björn sagði þá að nú færi málið að ganga og lofaði að ýta á eftir því. Það hann um enn eitt bréf varðandi málið og gögn um punktafjöld eins og annað háskólanám er metið eftir. Þetta skyldi notað til að bera saman námsþyngd við aðrar stéttir. Hann fékk allt sent sem hann bað um. Nú tæpum tveimur mánuðum síðar hefur ekkert heyrt frá þeim. Undirrituð hefur margsinnis reynt að ná í Björn í síma en ekki tekist. En baráttan mun háð áfram.

Kristjana Fenger

FRETTIR

Fyrsti félagsfundur I.I. eftir sumarfrí var haldinn þ. 3. sept. 1981.
Þar var skipað í níu nefndir:

- Farandsýningarnefnd
- Bæklingarnefnd (endasprettur á vinnu á kynningar-
bæklingi fyrir aðrar heilbrigðis-
stéttir)
- Fréttablaðsnefnd
- Skólamálanefnd (ath. með möguleika á stofnun
iðjupjálfskóla á Íslandi)
- Samningarnefnd (nefnd sem vinnur að samningum við
Tryggingastofnun ríkisins)
- Launarnefnd
- WFOT nefnd (vinnur að kynningarplakati fyrir
II, sem nota á á alþjóðlegri ráð-
stefnu iðjupjálfa í Hamborg júní 82)

Síðastliðið ár voru stofnaðir tveir áhugahópar innan félagsins.
Einn um iðjupjálfun á geðsviði og hinn um mental organísk einkenni.

Aðalfundur var haldinn þann 27.3. 1981. Stjórnarkjör fór ekki fram, þar sem
stjórnin er kosin til 2 ára í senn. Í stjórn sitja nú: Hope Knútsson,
Kristjana Fenger, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Margrét Sigurðardóttir.

Eins og frægt er orðið var haldið hér í maí norrænt mót um skólamál.
Mikill tími og vinna fóru í undirbúning, enda skilaði erfiðið árangri -
mótið var í alla staði vel heppnað. Sjá grein hér í blaðinu.

Fólk í fréttum.

- Margarethe Johanson er síðast vann á Sólborg, Akureyri, hefur nú haldið til síns heimalandis, Svíþjóðar, eftir nokkurra ára dvöl hér á landi. Henni var haldið kveðjuhöf, þar sem hún m.a. sagði frá reynslu sinni á Sólborg.
 - Guðrún Pálmadóttir fór til Colorado, Bandaríkjunum, í janúar og verður þar næstu árin. Hún kom heim í sumar og vann á Reykjalundi í 2 mánuði.
 - Pia Hendersson er vann á Landspítalanum, er farin til Svíþjóðar.
 - Rósa Hauksdóttir kvaddi Reykjalund um mánaðarmótin okt./nóv. og hélt til Asíu þar sem hún etlar að ferðast um óákveðinn tíma.
- Það eru góðar heimtur á fólki í ár:
- Rannveig Baldursdóttir er nú komin heim frá námi í Brándheimi og tekin til starfa á Reykjalundi.
 - Snæfríður P. Egilson er komin frá Oslo. Hún vinnur við sérdeildir hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla.
 - Jóhanna Ingólfssdóttir er komin frá Frakklandi og vinnur nú við endurhæfingardeild Landspítalans. Hún hyggst bráðlega flytja sig um set, upp að Reykjalundi.
 - Sylvíané Lecoultre hóf störf sem fyrsti iðjupjálfi á geðdeild Landspítalans. Þegar þetta er skrifað hefur hún gert hlé á störfum, þar sem henni fæddist sonur nýlega.
 - Ebba Ásmundsdóttir er hætt á Hvíta bandinu og tekin til starfa á geðdeild Landspítalans. Kristjana Fenger mun byrja þar 1. apríl. Þar eru því bráðlega 3 iðjupjálfar og má búast við blómlegu starfi.
 - Sænskur iðjupjálfi, Inger Gustavsson að nafni, hefur hafið störf á endurhæfingardeildinni á Landspítalanum. Þar hyggst hún starfa um óákveðinn tíma.
 - Kolbrún Ragnarsdóttir er bráðlega lýkur prófi í iðjupjálfun í Kaupmannahöfn vann á Reykjalundi í sumar.
 - Sigríður Loftsdóttir gekk í það heilaga fyrir rúmu ári, eða 20. sept. 1980. Þar sem ekkert blað hefur komið út síðasta árið, greinum við frá þessu hér og nú.
 - Margrét Sigurðardóttir eignaðist son í vor.

Bókalisti

Á ráðstefnunni í vor var félaginu færð bókaþjóf frá norska, sænska og danska iðjupjálfafélaginu. Þar er um að ræða eftirtaldir bækur og fjölrit:

- FSA's förslag till: Arbetsterapiens organisation och befattningsbeskrivningar inom slutenvård. (starfslýsingar og verksvið)
- FSA's förslag till: Arbetsterapiens organisation och befattningsbeskrivningar inom primärvård. (starfslýs. og verksvið)
- Arbetsterapeutens roll inom företagshälsovården. (ergonomi)
- Vilka krav ställer 80-tallets vård på arbetsterapien? (rapport från FSA symposium '80)
- FSA's principprogram nr. 1: Arbetsterapi inom lokala sjukhem och långvårdskliniker (5 stk).
- Nordisk seminar 1980 fro ergoterapeuter/arbetsterapeuter. (norsk ergoterapeutförbund).
- Hvad ved vi om resultatet af vort arbejde? Nordisk seminar 1978 (foren. af aut. ergoterapeuter).
- Herfra hvor vi står... Psykiatrisk ergoterapi - projekter fra instruktörkursus for ergoterapeuter 1974.
- Noget om ergoterapi. Projekter fra fysiurgisk instruktörkursus 1974.
- Betænkning om uddannelse av ergoterapeuter og fysioterapeuter. - betænkning nr. 919 - Kbh. 1981.
- Cognitiv test. Lone Sørensen. udg. foren. af aut. ergoterapeuter.
- Boligtilpasning. foren. af aut. ergoterapeuter.
- Forslag til hjælpemiddelformidling i Kbh. kommune.
- Gigt og hverdag.
- Ergoterapeuten - Børn og ergoterapi.

Frá American occupational therapy association höfum við fengið:

- Sample forms for O.T. - dæmi um góð eyðublöð/mat. 15 flokkar (373 pp) í lausu. Hægt að ljósrita t.d. heimilisathuganir, starfsmat o.fl.

Þar sem langt er síðan listi yfir aðra bókaeign félagsins hefur verið birtur, fylgir hann hér með:

- Copeland, Ford Sólón: Occ. th. for mentally retarded children.
- Derregan, Susan: Lectures notes on sensory integration.
- Farther & Huss: Sensorimotor evaluation & treatment procedures
- Loma, Linda V: Occ. th. Home care services, procedure manual.
- Mosey, Anne: Activities therapy.
- O.T. consultancy in the skilled nursing facility, 2nd. ed.

- Purtilo: The allied health professional and the patient.
- Shaul, Susan: Toward intimary family planning and sexuality concerns of physically disabled women.
- U.S. Departm. of health education and welfare: A client - oriental system of mental health.
- Sine, Liss, Rouch & Holcomb: Basic rehabilitation techniques.
- Flingselman, Andrew: The new games book.
- Willard & Sparkman: Occupational therapy.

Einnig eru keypt tímaritin: Sveitastjórnarmál og fréttabréf um heilbrigðismál.

Félagið á líka slides-myndaserfu um helftarlamaða húsmóður.

Bókasafnið er til húsa á Grensásdeild Borgarspítalans.

♡ GLEÐILEG JÓL ♡

Lauser stöður:	Geðdeild Landspítalans	5
	Dagdeild Borgarspítalans (Hvíta Bandið)	1
	Æfingstöðin Háaleitisbreut 13	2
	Kópavogshæli	1
	Grensásdeild Borgarspítalans	1
	Sólborg, Akureyri	1

Auk þess hafa eftirtalðar stofnanir sýnt áhuga á að fá iðjubjálfa til starfs: Greiningardeild ríkisins (Öskjuhlífðarskóli)
Barnageðdeildin v/ Dálbraut
Múlalundur (verndaður vinnustaður)

IDJUPJÁLFAF A ÍSLANDI 1.NÓV. 1981.Grenssdeild Borgerspítalans - - - Sími: 85177/38 - - - - -

Guðrún Árnadóttir	Hvassaleiti 30 108 Reykjavík	s. 31086
Engibjörg Ásgeirsdóttir	Skólabraut 53 170 Seltjarnarnes	s. 13387
Sigríður Loftsdóttir	Gnóðavogi 16 104 Reykjavík	s. 31399

Kleppsspítalinn - - - - - Sími 38160/48-49 - - - - -

Jóna Kristófersdóttir	Kleppsvegi 120 104 Reykjavík	s. 34227
-----------------------	---------------------------------	----------

Landspítalinn - - - - - Sími 29000/310 - - - - -

Annika Tingstedt	Laugavegi 54 B 101 Reykjavík	s. 18766
Inger Gustavsson	Eiríksgötu 29 101 Reykjavík	s. 29000/640
Jóhanna Ingólfssdóttir	Hraunhólum 8 210 Garðabæ	s. 50008

Geðdeild:

Elín Ebba Ásmundsdóttir	Sæmtúni 36 105 Reykjavík	s. 28548
Sylviane Lecoultre	Bræðraborgarstíg 12 101 Reykjavík.	s. 28594

Vinnuheimilið að Reykjahlundi - - - - - s. 66200/122 - - -

Ingibjörg Pétursdóttir	Hverfisgötu 41 101 Reykjavík	s. 20028
Anna Stenfors	Lindargötu 22 A 101 Reykjavík	
Kristjana Fenger	Barmahlíð 50 105 Reykjavík	s. 29715
Margrét Sigurðardóttir	Njörvasundi 24 104 Reykjavík	s. 39288
Rannveig Baldursdóttir	Markholt 3 270 Varmá	s. 66159

Sjúkrahús Akragess. - - - - - Sími 2311 - - - - -

Sigrún Ásmundsdóttir	Suðurgötu 78 300 Akranes	s. 2723
----------------------	-----------------------------	---------

Hlíðeskóli - - - - -

Snæfríður Þóra Egilson	Drápahlíð 34 105 Reykjavík	s. 29305
------------------------	-------------------------------	----------

Iðjupjálfrar á Íslandi 1. nóv. 1981, fræmheld:

Ekki fastráðnir:

Eiríka Sigurbhannesdóttir	Torufelli 44 109 Reykjavík	s. 73633(31733)
Hópe Knúttason	Esufelli 4 2F 109 Reykjavík	s. 73734
Kristín Tómasdóttir	Bórunnarstræti 123 600 Akureyri	s. 21084
Sigríður Jónsdóttir	Langhóltsvegi 192 104 Reykjavík	s. 35229

ÍSLENSKIR IÐJUPJÁLFRAR ERLENDIS

Finnur	Jönköping Sverige
Sigríður Hermannsdóttir	?
Guðrún Emilsdóttir	Asmundsgatan 7 II 41264 Göteborg, Sverige.
Guðrún Hafsteinsdóttir	Annekegade 5 st. t.h. 2100 København Denmark
Sigríður Þorvaldsdóttir	Tinglökkevej 6 5280 Odense Denmark
Björk Pálsdóttir	Ahlmanns Allé 25 2900 Hellerup Denmark
Sigurður Sigurðsson	?
Viðar Óskersson	Sankelmarksgade 3 III t.h. 1676 København V Denmark
Anne Grethe Hansen	Bolig 2, 4325 Dale i Sandnes Norge.
Guðrún Pálmadóttir	500 W Prospect, Apt. 10-B North Aggie Village Fort Collins CO 80526 USA
Róse Hauksdóttir	breytilegt heimilisfang.

IÐJUPJÁLFRANEMAR

Jan 82	Kolbrún Ragnarsdóttir	Ryesgade 31 B St.t.v. 2200 Kbh. N Denmark
" "	Katla Kristvinsdóttir	Studiegången 8 242 Göteborg Sverige
" "	Guðrún Ársælsdóttir	Skolen for ergoterapeuter Box 1064, 7500 Holsterbro Denmark

Iðjubjálfaðemar:

Júní, '82: Valrós Sigurbjörnsd.

Jóhanna Erla Elríksd.

ca '82 Ingibjörg Jónsdóttir

ca '83 Hallfríður Bjarnadóttir

Jan '83 Anna Sveinbjörnsdóttir

Jan. '84 Elísabet Vernharðsdóttir

Jan. '85 Unnur Albertsdóttir

Hrefna Óskarsdóttir

Elsa Ingimarsdóttir

Skolen for ergo og fysioterapeuter
 Odense Universitetscenter
 Campusvej 55,
 5230 Odense M, Danmark
 Alborggade 27, 3. t.v.
 2100 Kbh. Ø,
 Danmark

Ergoterapiskolen i Trondheim
 Prinsensgate 36 B,
 7000 Trondheim, Norge
 Elvegaten 15 B
 7000 Trondheim, Norge
 Dr. Forseliusg. 40 - 327
 413-26 Göteborg,
 Sverige

(Örebro) *Studiegången 17-204*
Rosendal
 Vårdskolan,
 Göteborg, *416-81 Göteborg*

Hohlweg 24, 43 Essen 1
 W-Germany

Trailridge 2500 W 6th
 106 Lawrence
 Kansas 66044

TILKYNNING

World Federation of Occupational Therapists

8th International Congress
 HAMBURG, FED. REP. of GERMANY
 13-18 JÚNÍ 1982

Congress-nefnd í Þýskalandi etlar að senda l.f. nokkur eintök af undirbúnings-þrogrammi. Þeir sem áhuga hafa á að fá eintök, hafi samband við Hope Knútsson, okkar WFOT fulltrúa.



